



## Fréttatilkynning 4-2004

Lúxemborg, 14. desember 2004

### Almannatryggingar fyrir launþega á Evrópska efnahagssvæðinu

(Mál E-3/04 *Tsomakas Athanasios o.fl. gegn norska ríkinu*)

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli þar sem reyndi á túlkun reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja.

Málinu var vísað til EFTA-dómstólsins frá áfrýjunardómstóli Gulapings (Gulating lagmannsrett) í Noregi. Málið fyrir þeim dómstól er rekið af hálfu grískra sjómanna, sem vinna á skipum sem skráð eru í Noregi, gegn norska ríkinu. Ágreiningur málsaðila lýtur að ákvörðun norskra almannatryggingayfirvalda þar sem beiðni sjómanna um að vera undanþegnir norskum lögum um almannatryggingar var hafnað. Ákvörðunin byggði á því að norsk lög ættu við, en ekki lög Grikklands þar sem sjómennirnir héldu fram að þeir væru búsettir, vegna þess að grísk almannatryggingayfirvöld hefðu ekki gefið út form E 101 eða sambærilega yfirlýsingu um að grísk almannatryggingalög ættu við um sjómennina.

Í úrlausn EFTA-dómstólsins kemur fram að í þeim tilvikum þar sem form E 101 eða sambærileg yfirlýsing hefur ekki verið gefin út beri viðkomandi ríkjum, í samræmi við meginregluna um trúnað í 3. gr. EES-samningsins, að tryggja rétta framkvæmd lagaskilareglna reglugerðar 1408/71. Í dóminum segir að fánaríki (Noregur) verði að meta hvort skilyrðum fyrir undanþágu frá meginreglunni um að lög fánaríkis gildi sé fullnægt og í því skyni að meta önnur sönnunargögn sem lögð eru fram, þar með talin gögn sem ekki eru gefin út af stjórnvöldum. Ennfremur segir í dóminum að önnur niðurstaða geti dregið úr réttaröryggi og þar með grafið undan markmiðum lagaskilareglnanna og hindrað frjálsa för launþega.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: [www.eftacourt.lu](http://www.eftacourt.lu).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.